

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 31/2007

frá 27. apríl 2007

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2006 frá 22. september 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun ráðsins 2005/47/EB frá 18. júlí 2005 um samninginn milli Sambands evrópskra járnbrautarfélaga (CER) og Sambands félaga flutningastarfsmanna í Evrópu (ETF) um tiltekna þætti varðandi vinnuskilyrði farstarfsmanna sem starfa við rekstrarsamhæfða þjónustu yfir landamæri í járnbrautargeiranum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32h (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/88/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„32i. **32005 L 0047**: Tilskipun ráðsins 2005/47/EB frá 18. júlí 2005 um samninginn milli Sambands evrópskra járnbrautarfélaga (CER) og Sambands félaga flutningastarfsmanna í Evrópu (ETF) um tiltekna þætti varðandi vinnuskilyrði farstarfsmanna sem starfa við rekstrarsamhæfða þjónustu yfir landamæri í járnbrautargeiranum (Stjtið. ESB L 195, 27.7.2005, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/47/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 333, 30.11.2006, bls. 53, og EES-viðbæti nr. 60, 30.11.2006, bls. 40.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 195, 27.7.2005, bls. 15.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.